Líffærakerfi mannsins.
Þýtt af H.B.Guðmundssyni
á Eyrarbakka.

1 blað qto. Með hendi Jóns Pálssonar.
Birt í Ganglera, einu af sveita-
blöðum hans, 4.tbl., laugardaginn
23.nóvember 1901.

24.

V. 67 

# Líffærakerfi mannsins.

Í líkama mannsins eru 263 bein, og um 500 vöðvar. Meltingarvegurinn er nærstum því 32 feta langur. Í fullorðnum manni er blóðið að meðaltali 30 pund, eða rúmlega 1/5 hluti af þunga mannsins. Hjartað er 6 þumlungar á lengd og 4 þumlungar á þykkt; það slær 70 sinnum á mínútu, 4.200 sinnum á klukkustund, 100,800 sinnum á dag, 36,792,000 sinnum á ári og við hvert hjartaslag spýtir það frá sér 1 5/8 Ko. þunga af blóði, eða allt að 11 pundum á mínútu, eða um 656 pundum á klukkustund eða 15,744 pundum á sólarhring. Allt það blóð, sem í líkamanum er, fer í gegnum hjartað á hverjum þrem mínútum.

Í lungunum eru venjulega 4½ lítrar af lofti. Við öndum frá oss að meðaltali 20 sinnum á mínútu eða 1200 sinnum á klukkustund og öndum þannig 108,000 pottum (lítrum) af lofti að oss á degi hverjum.

Yfirborð lungnafrumlanna er 20,000 fer-þumlungar eða nálega jafnstórt gólfi í herbergi, sem er 3½ fet á hvern veg.

Meðalþungi heila í fullorðnum karl-manni er 3½ pund en í kvenmanni 2¼ pund.

Allar taugarnar standa í sambandi við heilann beinlínis eða við mænuna, sem er áföst heilanum. Taugarnar eru um 10 miljónir að tölu.

Húðin er á þrennum lögum og frá 1/8 til 1/4 þumlungar á þykkt.

Sé nú loftþrýstingin 14 pund á hverjum fer-þumlungi, ber meðalmaður þunga, sem nemur 40 þúsundum punda.

Á hverjum fer-þumlungi húðarinnar eru 3,500 svitaholur og er hver þeirra að meðaltali ½ þumlungur á lengd. Ef maður setti allar þær svitaholur, sem eru í líkama mannsins, í eina röð, mundi hún verða um 6½ míla á lengd.

Maðurinn er undarlega skapaður! Sá, sem vill sjá snilldarlegasta verk náttúrunnar, þarf ekki að ferðast um allan heiminn til þess að sjá það—: Hann þarf aðeins að rannsaka sjálfan sig. –

Þýtt af H. B. Guðmundssyni á Eyrarbakka.